


„Samuel Becket I“ Morgunblaðið/KGA

ingu. Ég var kennari við þennan listaskóla í fjögur ár og það var algert met fyrir mig. Ég hef aldrei unnið svo lengi á sama stað. Það var mjög gaman, en krefjandi. Þetta var hálf—privat skóli og hálf—opinber. Skólastjórnin var mjög slæm, þannig að við sem höfðum deildirnar, urðum að taka þetta í okkar hendur.

Eftir þessi fjögur ár fór ég út í fatahönnun. Setti þá á laggirnar búð. Upp úr 1980 kom aftur það sem kallað er „art—deco.“ Það er tískan sem hafði verið í kringum 1930, fyrsti modernisminn, stílhreint, einfalt, „fúnksjónelt,“ mjög fágaður stíll. Þjóðleikhúsið hér er besta dæmið um þennan stíl. Í þessari búð seldi ég föt, húsgögn, skartgripi og smáhluti frá millistríðsárunum, auk þess að selja mína eigin hönnun.

Ég innréttaði þá búð og eftir það fór fólk að biðja mig að gera innréttingar, aðallega í verslanir og veitingahús. Ég innréttaði ekki íbúðir nema fyrir fólk sem ég þekkti.“

Nú höfum við sinn hvorn endann á lífshlaupi þínu, hvar kemur myndlistarnámið inn í þetta allt?

„Eftir klaustrið í Englandi byrjaði ég á myndlistarnáminu. Ég fór á lýðháskóla í Danmörku í eitt ár. Sá skóli kenndi eingöngu listgreinar, leiklist, myndlist, tónlist. Það var tæpt á yfirborði allra greina. Þar komst ég í kynni við keramikið og fékk áhugann. En eftir þennan vetur tók ég eitt ár í að djamma í London. Þetta voru „the swinging sixties“ og ég mátti ekki missa af því.

Eftir það fór ég í forskóla Myndlista— og handíðaskólans hér í tvö ár. Mig langaði í keramik. En hér var enginn kennsla í keramik svo ég fór og vann sem flugfreyja í eitt ár, meðan ég beið eftir að keramikdeild skólans yrði opnuð. Ég lýg því. Ég var ekki alveg eitt ár í flugfreyjunni, því ég var orðin svo flughrædd í lokin að vera að þvælast í þessum gömlu druslum. Eftir nauðlendingu í Montreal á tveimur hreyflum í stað fjögurra, var mér nóg boðið. Reyndar vorum við þá að fara til New York, en vorum allt í einu á leið til Kanada og enginn vissi neitt, nema það var farið að loga í einum hreyfli, svo byrjaði annar hreyfill að loga. Þetta var að vísu ekki síðasta flugferðin mín, því það voru nokkrar ferðir eftir á samningnum mínum. Svo setti ég niður skottið og fór að vinna í apóteki, þangað til skólinn byrjaði.

Í keramikdeildinni var ég í tvö ár. Við Elísabet Haralds vorum fyrstu nemendurnir. Síðan vann ég í tæpt ár í Funa, keramikverkstæði, sem rennari. Ég vann reyndar alla hönnun líka, en fékk ekkert borgað fyrir það. Þeir vildu bara gera eins og Glit. Næst lá leiðin til Stokkhólms, í Konstfachskolan. Það var haustið 1972 og þar var ég í tvö ár og útskrifaðist úr hönnunardeild fyrir keramik og gler.

Á meðan ég var í skólanum í Stokkhólmi bauð einn kennarinn mér að dvelja um tíma á sveitabýli sem hann átti á eyju fyrir utan Stokkhólm og þangað fór ég og vann. Einn daginn fór ég í úrhellisrigningu út með vatnslitina og pappa til að gera skyssur. Þetta var að hausti til og ég málaði og málaði. Laufin fuku um allt og þetta hafði mikil áhrif á það sem ég var að gera og á síðustu skyssunum þennan dag var allt farið að fljúga hjá mér og allt komið á hvolf, tréin, húsin og ég. Seinna tók ég þátt í samsýningu þar sem ég sýndi lágmynd úr keramik sem ég hafði unnið upp úr þessum skyssum og leyft fantasíunni að ráða ferðinni. Í þessari lágmynd var allt á ferð og flugi. Það var mikið af sveppum á eyjunni og ég lét þá vera fjúkandi innan um laufið og sjálf var ég komin með vængi. Einn gagnrýnandinn sem mætti á sýninguna tók þessa mynd út úr þessari samsýningu til að fjalla um hana. Hann sagði að þarna væru á ferðinni meskalínsveppir og lýsti öllu sem LSD—áhrifum og þetta var orðið mikið eiturlyfjaverk. Ég held ég hafi aldrei orðið eins hissa. Ég hafði bara staðið í regngalla og stígvélum á eyju í leiðinda nepju og rigningu og meðtekið áhrif náttúrunnar.

Það var seinna árið mitt í skólanum sem ég hitti meistarann. Ég hitti hann í Houston í Texas. Þannig var að ég var á flækingi í Danmörku og hitti fólk sem var lærlingar hans og á leið til Texas. Mér fannst þetta mjög merkilegt og fór með þeim. Ég hafði alltaf verið að leita að þessum kontakt inn á við og hitti þarna fólk sem sagði að það væri búið að redda þessu máli. Mér þótti það dálítið lygilegt. En það voru aðeins tveir möguleikar. Annaðhvort var þetta sannleikur eða lygi. Ég gat aðeins komist að því með því að prófa það sjálf. Svo ég fór og og athugaði þetta og síðan hef ég haft þennan möguleika. Sem mér finnst hafa bjargað mér. Ég hugsa að ég væriu dáin úr sorg ef ég hefði ekki komist að þessu.“

Þú segist hafa lært keramik og glerhönnun, en hér á Kjarvalsstöðum sýnir þú málverk.

„Já, mig hefur alltaf langað til að mála og ég hef veri að teikna frá því ég man eftir mér. Mér hefur ekki fundist ég nógu þroskuð eða vera tilbúin til þess fyrr. En mig langar til að komast að þessum skapandi krafti sem ég upplifi í sjálfri mér í myndlistinni líka. Ég er ekki búin að finna hann, en ég er komin upp á veginn. Mér finnst þetta bara byrjunin. Mér finnst gilda sömu lögmál þegar ég mála og eru í lífinu sjálfu. Þegar ég mála reyni ég að útiloka hugann og vera bara í sambandi við þennan kjarna í sjálfri mér, því þá gerist eitthvað sem kemur mér á óvart. Það má kannski kalla það að láta undirmeðvitundina vinna.

Ég held nefnilega að hugurinn geti ekki skapað list. Þegar maður gleymir sjálfum sér og kemst í tæri við skaparann í sjálfum sér, þá verður list til. List er aldrei hægt að gera áþreifanlega, hún er eitthvað sem maður skynjar. Ég mála mikið drauma og myndirnar mínar endurspegla meira tilfinningaleg áhrif og reynslu í leit minni að kjarnanum í sjálfri mér. Aðferðina hef ég fengið, en ég veit ekki hvort maður finnur nokkurn tíma kjarnann. Kannski er þetta ævilöng leit. Tilgangur lífsins og ég sjálf erum einn og sami hlutur. Ef maður finnur þetta er maður á grænni grein.“

Viðtal/Súsanna Svavarsdóttir

Tónleikar í norðlenskum kirkjum

Mývatnssveit.

FRÁ júlíbyrjun hafa verið haldnir tónleikar í Reykjahlíðar-, Akureyrar- og Húsavíkurkirkjum. Þau sem staðið hafa fyrir þessu tónleikahaldi eru Björn Steinar Sólbergsson Akureyri, Úlrik Ólason Húsavík og Margrét Bóasdóttir Grenjaðarstað.

Segja má að hér hafi verið um mikinn tónlistarviðburð að ræða enda ágætt tónlistarfólk sem komið hefur fram. Aðsókn hefur verið góð. Þess má til dæmis geta að á tónleikum í Reykjahlíðarkirkju 21. júlí mættu um 120 manns.

Bæði einstaklingar og félagasamtök hafa styrkt þetta tónleikahald. Má þar meðal annars nefna sóknarnefndir viðkomandi kirkna, Hótel KEA, Hótel Húsavík og Hótel Reynihlíð, Ferðaskrifstofa Húsavíkur og Flugleiðir ásamt fleiri aðilum. Ekki hefur verið selt inn á þessa tónleika.

Síðustu tónleikarnir verða í Reynihlíðarkirkju næstkomandi þriðjudag og hefjast klukkan 20.30. Þar leika Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari og Richard Talkowsky og munu þau meðal annars leika dúetta.

Kristján

ALVÍS

TÖLVUVÆDD STJÓRNUN

5 SKILYRÐI ÞURFA AÐ VERA FYRIR HENDI, EF STJÓRNANDINN ÆTLAR AÐ NOTA TÖLVUKERFIÐ TIL AÐ STJÓRNA FYRIRTÆKINU:

SVEIGJANLEIKI STÖÐLUN
ÖRYGGI
NÁKVÆMNI VINNUÞÆGINDI


ALVÍS-KERFIN FULLNÆGJA ÞESSUM SKILYRÐUM Í YFIR 100 AF STÆRRI FYRIRTÆKJUM LANDSINS, SEM ÖLL NOTA SYSTEM/36 TÖLVUR FRÁ IBM.

KYNNTU ÞÉR HVERNIG ALVÍS HUGBÚNAÐUR MÆTIR KRÖFUM STJÓRNENDA ÍSLENSKRA FYRIRTÆKJA.

ÞJÓNUSTA VIÐ ÍSLENSKT ATVINNULÍF

KERFI HF.

KERFI HF HÖFÐABAKKA 9 REYKJAVÍK SÍMI 91-671920



AÐALFUNDUR

Aðalfundur Samtaka um byggingu tónlistarhúss verður haldinn í Súlnasal Hótel Sögu þriðjudaginn 25. ágúst kl. 20:30.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningar samtakanna lagðir fram og skýrðir.
3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikningana.
4. Kosningar.
5. Önnur mál.

Tónlistardagskrá:

Einar Jóhannesson klarinettuleikari og Bergþór Pálsson söngvari koma fram ásamt fleiri listamönnum.

Stjórn SBTH

Mætum öll vel og tímalega
Nýir félagar velkomnir



Morgunblaðið

Áskriftarsíminn er 83033

85 40